



Umhverfismál í innkaupavagninum

STARFSMENNTASJÓÐUR
VERSLUNAR- OG SKRIFSTÓFUFÓLKS

Styrktar- og menningarsjóður Norvikur



Rannsóknasetur
verslunarinnar

Háskólinn á Bifröst

Umhverfismál í innkaupavagninum

Útgefandi:

Rannsóknasetur verslunarinnar
við Háskólann á Bifröst
Reykjavík 2010

Höfundar:

**Hafdís Anna Bragadóttir,
Lára Jóhannsdóttir
og Stefán Gíslason**

Útlitshönnun og teikningar:

Magnús Valur Pálsson

Umsjón:

Emil B. Karlsson

Prentun:

Oddi

ISBN 978-9979-9883-3-5

Rit þetta má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða með birtingu á netinu að hluta til eða í heild án leyfis útgefanda.

Efnisyfirlit

Inngangur	7
1. kafli	
Náttúran og nágrenni okkar	9
2. kafli	
Val á aðföngum	15
Vöruval 16 Vistferill vöru 17 Upplýsingastreymi 17 Flutningar 19	
Dæmi um úrbætur 20 Framsetning á vörum 21	
3. kafli	
Umgengni á vinnustaðnum	25
Umgengni og umhverfisstarf 26 Umhverfisstjórnun 27 Svansvottun 30	
4. kafli	
Samskiptaleiðir	35
Upplýsingasófnun 36 Upplýsingamiðlun til viðskiptavina 38 Tilgangur og ávinningur af umhverfismerkjum 40 Algengustu umhverfismerkin 42	
5. kafli	
Ávinningur af endurvinnslu	47
Umhverfis- og fjárhagslegur ávinningur 48 Endurvinnsla 48	
Endurvinnslumerkingar 49 Úrvinnslusjóður og úrvinnslugjald 50	
Framleiðendaábyrgð 50	
Orðskýringar og ítarefni	55

Inngangur

Verslanir gegna afar mikilvægu hlutverki í aukinni umhverfisvitund almennings. Þær hafa mótandi áhrif á val neytenda á vörum og geta með markvissum hætti haft áhrif á hegðun fólks. Rekstur verslana hefur einnig ýmis umhverfisáhrif í för með sér, bæði bein og óbein. Þær verslanir sem móta sér skýra stefnu í þessum málum styrkja ímynd sína og njóta virðingar fyrir þá samfélagslegu ábyrgð sem þær sýna. Markviss vinnubrögð sem leiða til betri nýtingar auðlinda og minni sóunar draga einnig úr rekstrarkostnaði verslana. Ávinningurinn af umhverfisstarfinu er því allra; verslunarinnar, neytenda og samfélagsins í heild.

Þetta rit hefur að geyma hagnýtt fræðsluefni fyrir starfsmenn og stjórnendur verslana um það hvernig verslanir geta aukið umhverfisvitund almennings og stuðlað að umhverfisvernd. Ritinu er ætlað að vera vegvísir um það hvernig verslanir geti tekið aukna samfélagslega ábyrgð á sviði umhverfismála, bætt ímynd sína og ýtt undir fagmennsku eigin starfsmanna.

Ritið styðst við niðurstöður úr fjölmörgum rannsóknum, greinum og erindum sem fjalla um þessi mál og leitast við að setja þær fram á eins aðgengilegan hátt og kostur er. Rannsóknasetur verslunarinnar við Háskólann á Bifröst hafði umsjón með vinnslu ritsins, en leitað var til sérfræðinga á ýmsum sviðum við efnisöflun og framsetningu. Verkefnið styrktu Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks og Styrktar- og menningarsjóður Norvikur.

Lára Jóhannsdóttir og Hafdís Anna Bragadóttir viðskiptafræðingar tóku saman mestan hluta efnisins, en Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur hjá UMÍS ehf. Environice sá um endanlegan frágang þess. Sigrún Jóhannsdóttir kennslufræðingur hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins leiðbeindi um framsetningu efnisins. Samræmingu efnis og verkefnisstjórnannaðist Emil B. Karlsson forstöðumaður Rannsóknaseturs verslunarinnar.

Val á aðföngum

Val á aðföngum verslana skiptir miklu varðandi áhrif á umhverfið. Á það jafnt við um vörur sem seldar eru í dagvöruverslunum og sérverslunum. Það skiptir til að mynda máli hvar vörunar voru framleiddar, við hvaða skilyrði, hverju var blandað í þær, hvort þær voru fluttar um langan eða skamman veg og hvernig má endurnýta þær eða farga. Í þessum kafla muntu læra hvernig draga má úr umhverfisáhrifum við val á aðföngum verslana.

Þessi kafli fjallar um:

- **Vöruval**
- **Vistferil vöru**
- **Upplýsingastreymi**
- **Vöruflutninga**
- **Framsetningu á vörum**

Ég reyni að velja umhverfisvænar vörur. Ef varan sem ég kaupir skaðar umhverfið, þá er það eiginlega mér að kenna.



3. kafli

Umgengni á vinnustaðnum

Umhverfisstarf þarf að skipuleggja, rétt eins og allan annan rekstur. Í þessum kafla muntu fræðast um kostina við skipulagt umhverfisstarf á vinnustað og fá leiðbeiningar um hvernig stuðla má að umhverfisvænni umgengni.

Þessi kafli fjallar um:

- **Umgengi og umhverfisstarf**
- **Umhverfisstjórnun**
- **Svansvottun**

Engin verzlun er svo lítil að hún skipti ekki máli — og enginn gerði stærri mistök en sá sem gerði ekkert af því að honum fannst hann geta gert svo lítið. Það sagði Edmund Burke alla vega! Hafið er allt samsett úr dropum, skilurðu?



Samskiptaleiðir

Til þessa hefur ekki verið mjög auðvelt fyrir íslenska neytendur að stunda vistvæn innkaup. Því felast markaðstækifæri í því fyrir verslanir að sinna þessum markhópi og reyna að stækka hann. Í þessum kafla muntu læra hvernig hægt er að safna upplýsingum um óskir neytenda og hvernig hægt er að leiðbeina viðskiptavinum svo að þeir geti gert umhverfisvænni innkaup.

Þessi kafli fjallar um:

- **Upplýsingasöfnun**
- **Upplýsingamiðlun til viðskiptavina**
- **Tilgang og ávinning af umhverfismerkjum**
- **Algengustu umhverfismerkin**

Nú vilja allir kaupa umhverfisvænt. Verslanir sem svara því kalli nã forskoti á markaðnum!



Ávinningur af endurvinnslu

Endurnýting og endurvinnsla umbúða og annars úrgangs hefur margvíslegan ávinning í för með sér. Í þessum kafla muntu fræðast um þennan ávinning. Einnig verður útskýrt hvernig verslun getur stuðlað að endurvinnslu umbúða utanaf vörum sem verslunin selur.

Þessi kafli fjallar um:

- **Umhverfis- og fjárhagslegan ávinning**
- **Endurvinnslu**
- **Endurvinnslumerkingar**
- **Úrvinnslusjóð og úrvinnslugjald**
- **Framleiðendaábyrgð**

Lítum ekki á umbúðir sem rusl. Þetta eru verðmæti!
Úrgangur er hráefni á villigötum!



Ítarefni

- Helstu umhverfismerkin
- Helstu endurvinnslu-/umbúðamerkingar
- Réttlætismerkið
- Orðskýringar

Helstu umhverfismerkin

1. Almennar neysluvörur:



Svanurinn er eitt best þekhta umhverfismerkið hér á landi. Það er opinbert umhverfismerki Norðurlandanna og algengasta umhverfismerkið á Norðurlöndunum. Í dag fást vöruhegundir merktar Svaninum í um 70 mismunandi vöruflokkum, allt frá hreinsiefnum til húsgagna og starfsemi fyrirtækja s.s. prentþjónusta eða stórmarkaða.



Blómið er opinbert umhverfismerki Evrópusambandsins. Merkið er yngra en Svanurinn og nær aðeins til 26 vöru-flokka. Má þar nefna vefnaðarvöru, málningu, tölvur, skó og fleira.



Fálkinn (Bra Miljöval) er umhverfismerki sænsku náttúruverndarsamtakanna Naturskyddsföreningen, sem hafa sett umhverfiskröfur fyrir ýmsa vöruflokka s.s. hreinlætisvörur, orkuframleiðslu og samgöngur.



Blái engillinn er opinbert umhverfismerki Þýskalands og eitt elsta umhverfismerki í heimi. Vörur og þjónusta merktar Bláa englinum fást í tæplega 200 vöruflokkum. Undir merkið fellur allt frá pappírs- og hreinlætisvörum til tölvu- og skrifstofubúnaðar.



Græna innsiglið (Green Seal) er umhverfismerki sjálfstæðra bandarískra samtaka. Samtökin hafa sett umhverfiskröfur fyrir fjölmarga vöruflokka, allt frá kaffisíum til loftkælikerfa.



Forest Stewardship Council (FSC) eru alþjóðleg samtök. Merkið þeirra er notað fyrir viðarframleiðslu, s.s. húsgögn og pappír. Til að öðlast merkið verða skógarafurðir að vera vistvænar og viðurinn fenginn með skógrækt sem tekur mið af sjálfbærri þróun. Merkið er annars eðlis en merkin hér að framan, þar sem það tekur ekki til alls vistferils viðkomandi vöru.

Nánari upplýsingar um umhverfismerkin er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar, www.ust.is.



Umhverfismál í innkaupavagninum

Verslanir gegna mikilvægu hlutverki í aukinni umhverfisvitund almennings. Þær hafa mótandi áhrif á val neytenda og geta með markvissum hætti haft áhrif á hegðun fólks. Rekstur verslana hefur einnig ýmis umhverfisáhrif í för með sér, bæði bein og óbein.

Þetta rit hefur að geyma aðgengilegt fræðsluefni fyrir starfsmenn og stjórnendur verslana um það hvernig verslanir geta stuðlað að umhverfisvernd, um leið og þær bæta ímynd sína og ýta undir fagmennsku eigin starfsmanna. Ritið nýtist þeim sem vilja fræðast á eigin forsendum og hentar einnig vel til kennslu innan fyrirtækja eða í almennu fagnámi fyrir verslunarfólk.